



Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps

35. Fundargerð

35. Fundur ungmennaráðs Grímsnes- og Grafnings var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, Þriðjudagur 30. september 2025 kl. 19:00

Fundinn sátu:

Ásdís Rún Grímsdóttir

Hrafnhildur Sigurðardóttir

Ingibjörg Elka Þrastardóttir, Formaður

Sigurður Thomsen

Óttar Guðlaugsson, Heilsu- og tómstundafulltrúi.

Fjarverandi voru: Ísold Assa Guðmundsdóttir, Karólína Waagfjörð, Stormur Leó Guðmundsson, Kjartan Guðjónsson og Benóný Þorsteinn Rögnvaldsson.

Fundagerðin var færð í tölvu og hana ritaði Óttar Guðlaugsson.

1. Ungmennaráðstefna – 5. desember

Óttar kynnti að Samband íslenskra sveitarfélaga undirbýr Ungmennaráðstefnu þar sem starfsfólk og ungmennaráð víðs vegar að af landinu geta komið saman og deilt reynslu. Ráðstefnan yrði haldin í svipuðum anda og árleg fjármálaráðstefna.

Fyrirhuguð eru áhugaverð erindi sem nýtast gætu við starfsemi ungmennaráða. Óttar óskar eftir því að ungmennaráð GOGG taki þátt í ráðstefnunni.

Ákvörðun: Ungmennaráð samþykkir að taka þátt í ráðstefnunni og felur Óttari að vinna málið áfram

2. Samþykktir Ungmennaráðs

Farið var yfir samþykktir ungmennaráðs og metið hvort þörf væri á breytingum.

Ákvörðun: Samþykkt var samhljóða að senda erindi til sveitarstjórnar um að aldursbil ráðsins verði hækkað upp í 20 ár. Ingibjörg og Ásdís senda minnisblað til sveitarstjórnar.

Bent var á að starfstími ungmennaráðs sé frá 10. október til 30. september ár hvert og að þetta sé því lokafundur ráðsins á starfsárinu.



Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps

3. Jafningjafræðsluviðburður

Rætt var um fyrirhugaðan jafningjafræðsluviðburð. Undirbúningur hefur gengið erfiðlega og því var ákveðið að fresta viðburðinum og endurskoða hugmyndina í heild.

Niðurstaða umræðunnar var að beina sjónum að elsta stigi grunnskólans í samstarfi við skólana í uppsveitum. Lögð var áhersla á að viðburðurinn yrði skemmtilegur og lifandi, með leikjum, uppbrotum, góðum mat og tónlistaratriðum.

Ungmennaráðið telur mikilvægt að halda fast í fræðsluefni sem áður hefur verið rætt: kynfræðslu, fjármálafræðslu og áfengis- og vímuefnafræðslu. Fræðslan verði í formi jafningjafræðslu og best væri að viðburðurinn verði sameiginlegt átak ungmennaráða í uppsveitum.

Ákvörðun: Ingibjörg Elka tekur að sér að útbúa drög að póstinum sem sendur verður á önnur ungmennaráð í uppsveitum til samráðs.

4. Fjárhagsáætlun 2026

Ungmennaráðið tók fyrir tvö atriði til að leggja til í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins:

1. **Jafningjafræðsluviðburður** – óskað er eftir fjárveitingu sveitarfélagsins til verkefnisins. Verkefnið samræmist samfélagsstefnu sveitarfélagsins, einkum ákvæðum um aukna forvarnarfræðslu.
2. **Námskeið í miðlun jafningjafræðslu** – lagt er til að haldið verði slíkt námskeið í sveitarfélaginu og samþykkt að gera það að áherslumáli ungmennaráðs að GOGG verði leiðandi á Suðurlandi í að miðla þekkingu á þessu sviði.

5. Önnur mál

Umræða fór fram um leikvöll við Kerhólsskóla og Yndisskóg með hliðsjón af notagildi hans.

Engin frekari mál voru tekin fyrir.